

Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða launamenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

HAGTÖLUR VR	
Meðalheildarlaun VR	551.583 kr.
Launavísitala VR, br. seinustu 12 mánuði	7,6%
Kaupmáttarvísitala VR, br. seinustu 12 mánuði	5,8%
Atvinnuleysi félagsmanna VR	2,0%
Fjöldi félagsmanna VR	32.853

Efni yfirlitsins að þessu sinni er:

1. Gengisstyrking og verðbólga
2. Er bóla á fasteignamarkaði ?
3. Landsframleiðsla á þriðja ársfjórðungi 2016
4. Verðbólgan í nóvember 2016

1. Gengisstyrking og verðbólga

Verðlagning verslana og gengisstyrking krónunnar hafa verið í umræðunni undanfarnar vikur. Ástæðan er sú að gengi krónunnar hefur styrkst um 20% seinasta árið en styrkingin virðist ekki alltaf skila sér til neytenda. Því hefur verið haldið fram að ekki sé hægt að skila allri gengisstyrkingunni til neytenda sökum þess að laun hafa hækkað mikið á sama tíma. Þar er horft fram hjá staðreyndum ásamt því að hugsunarvilla er í greiningu þeirra sem telja launahækkanir koma í veg fyrir að gengisstyrking skili sér.

Hér verður farið yfir nokkrar staðreyndir um áhrif gengisbreytinga á verðbólgu ásamt því að fjallað er um rökvillu innan hagfræðinnar.

Svör stjórnenda fyrirtækja sýna misjöfn áhrif gengisstyrkingar og gengisveikingar

Seðlabanki Íslands gerði rannsókn¹ árið 2011 um verðlagningu fyrirtækja og tengsl hennar við gengissveiflur. Rannsóknin byggðist á svörum stjórnenda um 260 íslenskra fyrirtækja. Í niðurstöðunum kemur fram að áhrif gengisveikingar og gengisstyrkingar á verðlag séu ekki þau sömu. Gengisstyrking skilar sér síður út í vöruverð en gengisveiking. Þá kemur einnig fram í niðurstöðum rannsóknarinnar að fyrirtæki sem eru lítið háð sveiflum í gengi krónunnar hækki einnig verð þegar krónan lækkar.

Í ljósi ofangreindra niðurstaðna má telja líklegt að sú gengisstyrking sem hefur átt sér stað undanfarið hafi ekki skilað sér að fullu til neytenda. Greining þeirra aðila sem telja gengisstyrkingu skila sér að fullu er því ekki í samræmi við svör fyrirtækjanna sjálfra.

Algeng rökvilla í hagfræði

Mjög algengt er að líta aðeins á laun sem kostnað fyrirtækja. Það gefur hins vegar kolranga mynd af stöðu fyrirtækjanna t.d. í tilfelli smásala. Um er að ræða rökvillu sem er algeng innan hagfræðinnar. Rökvillan felst í því að heimfæra það sem á við um einstakt fyrirtæki yfir á fyrirtækin sem heild. Þegar laun stórs hóps starfsmanna hækka, líkt og í kjölfar kjarasamninga, eykst eftirspurn eftir vörum og þjónustu fyrirtækja, meira er selt og kakan stækkar. Þegar aðeins eitt fyrirtæki hækkar laun sinna starfsmanna eykst aðeins

¹ Price setting in turbulent times – Survey evidence from Icelandic firms

kostnaðurinn en ekki salan. Hér er því ekki hægt að hugsa út frá því hvað á við um einstakt fyrirtæki og heimfæra það yfir á fyrirtæki í heild.

Framkvæmdastjóri IKEA benti á þetta í viðtali á Ríkissjónvarpinu þann 1. nóvember síðastliðinn. Í viðtalinu tók hann fram að neysla hefði aukist mjög mikið og kakan hefði stækkað. Komið var inn á að IKEA væri mjög mannaflsfrekt fyrirtæki og laun hátt hlutfall af veltu² þannig að ef IKEA gæti lækkað vöruverð þá ættu miklu fleiri fyrirtæki að geta gert hið sama.

Þetta er í samræmi við það sem VR benti á í seinustu kjarasamningum þ.e. laun séu ekki aðeins kostnaður heldur einnig tekjur fyrirtækja í gegnum neyslu heimila.

Laun eru ekki bara kostnaður fyrirtækja

Aukinn kaupmáttur launafólks leiðir til aukinnar neyslu þ.e. kaup á heimilistækjum, bensíni, bílum, fötum, skóm o.s.frv. Aukin neysla þýðir aukin velta t.d. smásölufyrirtækja.

Myndin 1 sýnir veltuaukningu fyrir nokkrar tegundir smásala. Skýr merki eru um tölverða aukningu í veltu smásala undanfarið misseri, að fötum og skóm undanskildum. Sala á húsgögnum og raftækjum hefur aukist um 100-200% á tímabilinu janúar 2013 til október 2016.


2. Bóla á fasteignamarkaði ?

Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað mjög mikið undanfarið. Sérþýli, þ.e. raðhús og einþýlishús, hækkaði um 14,2% í október 2016 samanborið við október 2015. Það þýðir að raðhús sem kostaði 45 milljónir í október 2015 ætti að hafa kostað 51 milljón í október 2016. Á sama tíma hefur verð á fjölbýli hækkað um 13,6%.

Mynd 2 sýnir raunverð húsnæðis (bæði fjölbýli og sérþýli) á höfuðborgarsvæðinu ásamt ársbreytingu. Raunverð þýðir að búið er að taka tillit til þess að verðlag hefur almennt verið að hækka á tímabilinu þ.e. dökkbláa línan sýnir hækkun húsnæðisverðs eftir að búið er að draga verðbólgu frá³. Hún sýnir að fasteignaverð er á svipuðu róli og 2006. Verð á fjölbýli er hærra nú en það var 2006 og þarf að hækka um 9% til að ná hámarkinu fyrir hrún. Sérþýli á hins vegar lengra í land og þarf að hækka um 27% til að ná hámarkinu fyrir hrún.

Mynd 1 – Velta í smásöluverslun á Íslandi


Uppsöfnuð aukning frá janúar 2013



Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar og útreikningar VR.
Tölurnar eru á föstu verðlagi og árstíðarleiðréttar

Mynd 2 – Raunverð húsnæðis og breyting seinustu 12 mánuði

Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt fyrir þróun verðlags



Heimild: Þjóðskrár Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR

² Í ársreikningi IKEA fyrir 2015 má sjá að hlutfall launa af veltu var 18,4% og 20,4% sem hlutfall af rekstrargjöldum.

³ Verðbólga án húsnæðis

Árshækkun undanfarna mánuði, þ.e. hækkun t.d. í ágúst 2016 m.v. ágúst 2015, hefur verið um og yfir 10%. Árshækkun í hverjum mánuði árin 2014 og 2015 var að jafnaði um 8,5%. Þó hækkunin sé mikil er hún lág í samanburði við 2004-2005. Þá var algengt að árshækkun í hverjum mánuði væri 20-30% og allt upp í 40% á tíma. Þetta sýna skærbláu súlurnar á mynd 2.

Er mikil hækkun fasteignaverðs það sama og fasteignabóla ?

Stutta svarið við spurningunni hér að ofan er nei. Miðað við umræðuna undanfarið virðast einhverjir vera þeirrar skoðunar að önnur bóla sé nú farin að myndast á íslenskum fasteignamarkaði. Skilgreiningin á fasteignabólu er hækkun húsnæðisverðs sem ekki má skýra með grundvallarbreytum. Hækkun sem getur gengið snögglega til baka. Með grundvallarbreytum er t.d. átt við laun, mannfjölda, leiguverð og byggingu nýs húsnæðis. Draga má gróflega saman áhrif ofangreindra þátta á fasteignaverð á eftirfarandi hátt:

1. Ef laun hækka mikið getur það auðveldað heimilum að stækka við sig, sem getur þrýst upp verði á stærri eignum.
2. Aukinn mannfjöldi krefst fleiri fasteigna. Ef aukning mannfjölda er mikil samanborið við nýbyggingar mun fasteignaverð hækka.
3. Ef leiguverð hækkar mikið mun það þrýsta á hækkun fasteignaverðs. Hækki fasteignaverð mikið umfram leiguverð er það vísbending um bólu á fasteignamarkaði
4. Ef nýbyggingum fjölgar eykur það framboð af fasteignum og dregur úr hækkun fasteignaverðs. Ef mikið er byggt og verð heldur áfram að hækka hratt gæti það verið vísbending um bólu.

Þegar fasteignaverð hækkar umfram það sem skýra má með þessum breytum fara að kvikna viðvörunarljós. Aukin skuldsetning heimila er eitt helsta viðvörunarljósið sem taka ætti alvarlega þegar rýnt er í hækkun fasteignaverðs. Mynd 3 sýnir þróun á byggingu íbúðahúsnæðis leiðrétt fyrir fjölgun Íslendinga. Á þennan mælikvarða er íbúðafjárfesting lítil í sögulegu samhengi, jafnvel ef horft er framhjá bóluárunum 2004-2007⁴.


Sú staða er því uppi í íslensku efnahagslífi nú að lítið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði undanfarið, laun hafa hækkað, leiguverð hefur hækkað ásamt því að aðflutningur erlends vinnuafis hefur aukist mikið. Þetta gerist á sama tíma og skuldsetning heimilanna er í lágmarki og litlar vísbendingar um að skuldsetning sé farin að aukast að einhverju leyti. Það er því erfitt að draga þá ályktun að bóla sé á fasteignamarkaði þrátt fyrir að fasteignaverð hafi hækkað mikið undanfarið.

Staðan getur þó breyst hratt

En þó ekki séu enn skýr merki um að bóla sé á fasteignamarkaði getur slíkt breyst á skömmum tíma. Sú hætta er fyrir hendi að með hækkingu fasteignaverðs aukist eftirspurn eftir fasteignum, eingöngu vegna þess að þær eru að hækka í verði. Slíkt getur komið af stað spirál sem aðeins getur endað með lækkingu fasteignaverðs. Um leið og skuldsetning heimila eykst sem þrýstir upp fasteignaverði sem enn ýtir undir

Mynd 3 – Íbúðafjárfesting á landinu öllu leiðrétt fyrir mannfjölda (fjöldi á vinnufærum aldri)

Vísitala sem byrjar í 100 á fyrsta ársfjórðungi 1997



⁴ Leiðrétt er fyrir mannfjölda með upplýsingum um fjölda á vinnufærum aldri en þær tölur eru til ársfjórðungslegar (QMM gagnasett Seðlabanka Íslands). Ársfjórðungstölur um mannfjölda aftur til 1997 eru ekki til fyrir hvern ársfjórðung.

auknar lántökur, ættu viðvörunarbjöllur að hringja. Miðað upplýsingar um skuldir heimila eru veik merki um að slíkur spirall sé farinn að myndast. Mynd 2 sýnis hins vegar (sjá skærbláu súlurnar) að hækkunin getur farið úr því að vera í kringum 10% yfir 12 mánaða tímabil líkt og algengt var árin 2003 og 2004 yfir í það að vera 20-40% líkt og seinni hluti árs 2004 og fram undir mitt ár 2006.

Með öðrum orðum, þó ekki séu skýr merki nú um að bóla sé á fasteignamarkaði getur staðan verið allt önnur eftir 1-2 ár.

Hvað með áhrif ferðamanna?

Hækkun fasteignaverðs má skýra að nokkru leyti með gífurlegri fjölgun ferðamanna. Það er því ljóst að ef ferðamönnum myndi fækka mikið á skömmum tíma hefði það neikvæð áhrif á fasteignaverð. Spurningin ætti því að vera sú hvort það sé „bóla“ í ferðamannabransanum.

Ef hægt er að tala um bólu í ferðamannaiðnaði ættu gögn um fjölda ferðamanna eftir löndum að sýna að eftir mikla fjölgun ferðamanna fylgdi mikil fækkun.

Til að meta það voru upplýsingar um fjölda ferðamanna 244 landa skoðaðar. Sigtuð voru út þau lönd sem náðu tilteknu viðmiði. Viðmiðið er eftirfarandi:

80% aukning í fjölda ferðamanna á fjórum árum⁵

Mynd 4 sýnir hvernig fjöldi ferðamanna þróaðist eftir að hafa náð viðmiðinu. Bláa línan sýnir hvaða uppsafnaða aukningu má búast við að jafnaði. Það er því ekki annað að sjá á mynd 4 en að algengasta niðurstaðan hafi verið sú að fjölgun ferðamanna hafi haldið áfram eftir að hafa náð ofangreindu viðmiði. Það má því orða það sem svo að eftir að land verður vinsæll ferðamannastaður má búast við því að landið verði áfram „í tísku“.


Ef saga annarra landa veitir einhverjar upplýsingar um framhaldið á Íslandi þá eru meiri líkur en minni að ferðmönnum muni halda áfram að aukast eða í það minnsta ekki fækka. Það virðist því vera ólíklegt að fasteignaverð muni gefa eftir á næstu árum sökum fækkunar ferðamanna.

Gengisstyrking og komur ferðamanna

Sá þáttur sem gæti haft áhrif á komur ferðamanna til landsins er gífurleg styrking krónunnar. Um leið og það er orðið of dýrt að koma til Íslands sökum sterkrar krónu gæti það dregið úr fjölda ferðamanna. Í rannsókn á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur þó fram að raungengi gjaldmiðla lítilla eyja hefur lítill áhrif á komur erlendra ferðamanna⁶. Raungengi á Íslandi hækkar þegar verðbólga á Íslandi er hærri en verðbólga í viðskiptalöndum okkar. Raungengi hækkar einnig ef gengi krónunnar styrkist.

Mynd 4 – Uppsöfnuð fjölgun ferðamanna eftir löndum frá því viðmiði var náð

Hver punktur á mynd sýnir vöxt tiltekins lands. Bláa línan sýnir mat á því hverju mætti búast við að jafnaði



Heimild: World Bank og útreikningar VR

⁵ Engin sérstök ástæða er fyrir þessu viðmiði og hefur það í raun enga þýðingu annað en það að um er að ræða mikla fjölgun á stuttum tíma.

⁶ Culiuc, A., 2014. Determinants of International Tourism. *IMF Working Paper No. 14/82*

Þá má einnig spyrja sig hver verðvitund erlendra ferðamanna er gagnvart verðlagi á Íslandi. Ef hægt verður að fljúga til landsins með tiltölulega ódýrum hætti og verða sér út um gistingu á viðráðanlegu verði er líklegt að ferðamönnum haldi áfram að fjölga. Það er því möguleiki að ferðmenn átti sig ekki fyllilega á háu verðlagi á Íslandi fyrir en þeir eru þegar komnir til landsins.

Líklegt er að ef gengi krónunnar styrkist mun meira en greinendur gera ráð fyrir muni það á endanum hafa áhrif. Slíkt ætti þó að koma fljótt fram í fjölda ferðamanna en algengast er að Íslandsferð sé bókuð með minna en tveggja mánaða fyrirvara. Sjá mynd 5.

Það er ekki auðvelt að svara því nákvæmlega hvort það sé bóla í ferðamannabransanum. Aukningin hefur verið mikil en óalengt er að mikilli fjölgun fylgi mikil fækkun.

Niðurstaðan er því í raun sú að ekki er enn hægt að tala um bólu á fasteignamarkaði nema því sé haldið fram að bóla sé í ferðamannabransanum.


3. Landsframleiðsla

Landsframleiðsla Íslands er verðmæti allrar vöru og þjónustu sem er framleidd á Íslandi á tilteknu tímabili. Á þriðja ársfjórðungi 2016 jókst landsframleiðsla um 10,2% samanborið við sama ársfjórðung 2015. Hagvöxtur á einum ársfjórðungi hefur aðeins þrisvar mælst hærri frá 1998 líkt og mynd 6 sýnir. Hagvöxtur á fyrstu níu mánuðum ársins var um 6% sem er einnig sá fjórði mesti síðan 1998 sé aðeins miðað við fyrstu níu mánuði hvers árs.


Ef gert er ráð fyrir því að hagvöxtur á árinu í heild verði í takt við hagvöxt á fyrstu níu mánuðum ársins, þ.e. 6,2%, ásamt því að tekið sé tillit til mannfjöldaspá Hagstofunnar mun landsframleiðsla á mann vera um 1,7% hærri 2016 samanborið við 2007. Þetta yrði því hæsta gildi landsframleiðslunnar, að teknu tilliti til mannfjölda, frá upphafi mælinga. Þetta má sjá á mynd 7.

Í Efnahagsyfirliti VR hefur áður verið fjallað um mælingu landsframleiðslunnar og hvort hún segi alla söguna varðandi velferð. Niðurstaðan var sú að svo er ekki. Ýmsir aðrir hagvísar skipta ekki minna máli. Landsframleiðsla segir t.d. ekki alla söguna hvað varðar gæði húsnæðis, heilsu fólks, almenna vellíðan einstaklinga o.s.frv. Það er þó svo að þar sem landsframleiðsla á mann er hærri má búast við því að heilsa fólks sé að jafnaði betri en þar sem landsframleiðsla á mann er lág. Sama gildir um gæði húsnæðis og

Mynd 5 – Fjöldi mánaða fyrir brottför sem erlendir ferðamenn bókuðu/keypu ferð til Íslands



Mynd 6 – Hagvöxtur á hverjum ársfjórðungi miðað við sama ársfjórðung árið á undan



almenna vellíðan. Þannig getur landsframleiðsla á mann gefið einhverja vísbendingu um almenna velmegun og stöðu hagkerfisins þó ekki sé um fullkominn mælikvarða að ræða.

Joseph Stiglitz, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, hefur m.a. bent á að landsframleiðsla sé slæmur mælikvarði á velmegun eða efnahagslega frammistöðu. Höfundur útreikninga landsframleiðslunnar, Simon Kuznets, sagði sjálfur að þessi mælikvarði væri ekki góður mælikvarði á velferð. Til þess þyrfti einnig upplýsingar m.a. um tekjudreifingu og fyrirhöfnina sem er að baki landsframleiðslunnar.


4. Verðbólgan í nóvember 2016

Verðbólgan í nóvember 2016 var 2,1%. Án húsnæðis var verðbólgan hins vegar neikvæð eða -0,3%. Seinustu 2-3 árin hefur húsnæði verið helsti orsakavaldur þeirrar verðbólgu sem hefur verið. Olíuverð hefur haldið aftur af verðbólgunni og nú seinasta árið hefur styrking krónunnar einnig spilað stórt hlutverk. Eftir seinustu kjarasamninga var allt kapp lagt á að finna þann mælikvarða sem gæti sýnt að verðbólga væri farin af stað. Tekið var upp á því að styðjast við mælikvarða á innlenda verðbólgu. Sú leið skilaði litlu. Mynd 8 sýnir nokkra mælikvarða sem gætu varpað ljósi á verðbólgu sem á sér uppruna hér á landi. Þ.e. sú verðbólga sem er á Íslandi og er óháð gengisstyrkingu eða mikilli lækkun olíuverðs. Gula punktalínan á myndinni sýnir verðbólguþátt Seðlabankans og gráa svæðið sýnir það bil sem Seðlabankinn reynir að halda verðbólgunni innan.

Engin mælikvarðanna á innlenda verðbólgu er fyrir ofan efri mörk verðbólguþáttmálsins, þ.e. fyrir ofan gráa svæðið. Opinber þjónusta er þó við efri mörkin. Enginn mælikvarðana fór yfir efri mörkin í kjölfar seinustu kjarasamninga.


Mynd 9 sýnir samsetningu verðbólgunnar. Þar má greinilega sjá áhrif fasteignaverðs, þ.e. stærð grænu súlnanna. Bensín og aðrar innfluttar vörur eru fyrir neðan 0 sem þýðir að þær eru að draga úr verðbólgunni.

Mynd 7 – Landsframleiðsla á mann




Mynd 8 – Þrír mælikvarðar á innlenda verðbólgu

Punktalínan árið 2015 fyrir innlent verðlag er mat á innlendri verðbólgu án skattaáhrifa



Mynd 9 – Verðbólga eftir eðli og uppruna



Horfur og óvissupættir


Horfur til skamms tíma eru góðar. Gangi spár eftir verður verðbólga á næstu þremur mánuðum í kringum 2%. Þetta má sjá á mynd 10. Einn af mörgum óvissupáttum hvað varðar verðlagsþróun er verð á eldsneyti. Mynd 11 sýnir heimsmarkaðsverð á eldsneyti seinasta árið. Myndin sýnir að miklar sveiflur eru í verði auk þess sem töluverð hækkun hefur verið undanfarna daga.

Olíuverð hefur áður tekið mikinn kipp á stuttum tíma sem síðar gengur til baka. Myndin sýnir þó að frá upphafi árs hefur olíuverð hækkað jafnt og þétt þó sveiflur hafi verið miklar. Haldi olíuverð áfram að hækka getur slíkt haft nokkur áhrif á verðbólgu á Íslandi.

Gengi krónunnar er einnig stór óvissupáttur. Undanfarna mánuði hefur krónan styrkst umtalsvert og þannig haldið aftur af verðbólgunni að einhverju leyti. Ef krónan gefur eftir mun það leiða til aukinnar verðbólgu á Íslandi.

Seinast þegar krónan var í miklum styrkingarham, 2000 til 2005, flæddi skammtímafjármagn inn í íslenska hagkerfið. Fjármagn sem síðar leitaði út á skömmum tíma. Krónan féll um 50% og verðbólga fór upp undir 20%. Ástæða gengisstyrkingar í dag er ekki gífurlegt innflæði af skammtímafjármagni líkt og fyrir hrun heldur umtalsverð aukning erlendra ferðamanna. Krónan gæti veikst nokkuð mikið ef hratt drægi úr komum erlendra ferðamanna. Líkt og farið var yfir að ofan þá er ekki algengt að í kjölfar mikillar fjölgunnar ferðamanna fylgi mikil fækkun. Það er því líklegra að ferðamönnum haldi áfram að fjölga eða fjöldinn standi í stað á næstunni fremur en að að þeim fækki. Hættan á gengisfalli sökum fækkunar ferðamanna ætti því ekki að vera mikil.

Mynd 10 – Verðbólga og verðbólguþá greiningaraðila
Spáin er meðaltal spáa þriggja stærstu viðskiptabankanna




Mynd 11 – Heimsmarkaðsverð á olíu



Mælaborð Efnahagsyfirlits VR


Kaupmáttarvísitala VR

Meðallaun félagsmanna VR eftir skatt leiðrétt fyrir verðbólgu




Kaupmáttarvísitala Hagstofu Íslands

Vísitalan sýnir tímakaup dagvinnu leiðrétt fyrir verðbólgu




Lágmarkslaun leiðrétt fyrir þróun verðlags




Verðbólga með og án húsnæðis

Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólgu markmiðs Seðlabanka Íslands




Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR



Væntingavísitala Gallup


Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála



Mælaborð Efnahagsyfirlits VR

Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu

Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis




Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Verð íbúðarhúsnæðis og leiguverð

Vísitölurnar hafa ekki verið leiðréttar fyrir þróun verðlags.


Ath. Leiguverð á aðeins við um þinglýsta leigusamninga



Heimild: Þjóðskrá Íslands og útreikningar VR


Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna

Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er ári



Útlán til heimila og fyrirtækja


Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er tekið tillit til útgefna markaðsskuldabréfa⁷



Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Veltuvisitölur smásöluverslunar


Vísitölurnar byrja í 100 í janúar 2013



Heimild: Rannsóknarsetur Verslunarinnar

Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan

Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli kostar



Heimild: Seðlabanki Íslands

⁷ Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrtaekja (þ.m.t. Íbúðalánasjóður)